



Borgarráð

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

***Fimleikahús Fylkis - tilv. R20110236***


Á fundi borgarráðs 19. nóvember 2020 var samþykkt eftirfarandi tillaga borgarstjóra:  
*Lagt er til að teknar verði upp viðræður við eigendur húsnæðis fimleikaaðstöðu Fylkis um hugsanlega stækkun hennar í Norðlingaholti sem yrði viðauki og framlenging á gildandi leigusamningi sem er til 2025. Gert verði ráð fyrir að borgin eignist húsið við lok leigutíma. Til samanburðar verði greindur kostnaður og ábati af því að reisa nýtt fimleikahús fyrir Fylki á starfssvæði félagsins í Lautinni, í samræmi við framtíðarsýn félagsins þar um. Viðræður og verkefnið verði undirbúið af íþrótt- og tómsfundasviði í samráði við félagið.*


Hjálagt fylgja hugmyndir um viðbyggingu við fimleikahús í Norðlingaholti.  
Óskað er eftir heimild til skrifstofu eigna og ÍTR til frekari viðræðna við Fasteignafélagið Íþöku um framkvæmdakostnað, leigu og eignahald.

Í stefnumótunarskýrslu Fylkis og Reykjavíkurborgar um aðstöðumál Fylkis segir m.a.:  
"Núverandi aðstaða fimleika- og karatedeildar í Norðlingaholti var ekki hugsuð upphaflega sem íþróttahús og eru á því fjölmargir gallar sem erfitt hefur verið að ráða við og suma er ekki hægt að leysa nema með nýju húsi eða þá með töluverðum breytingum á núverandi húsnæði. Sem dæmi má nefna að það er ekki hægt að halda þar mót í dag þar sem það vantar aðstöðu fyrir áhorfendur og svo vantar séraðstöðu fyrir svokallaðan parkour hluta. Leigusamningur vegna húsnæðisins rennur út 2025. Félagið vill skoða það að framtíðaraðstaða fimleika- og karatedeildar sé áfram í Norðlingaholti en það eru kostir og gallar við að vera með aðstöðu félagsins á tveimur stöðum. Kostirnir eru m.a. þeir að með aðstöðunni í Norðlingaholtinu er þjónustan við þá sem þar búa betri og sérstaklega fyrir þá krakka sem eru að æfa fimleika og karate. Einnig býður þetta upp á tækifæri fyrir stofnanir í hverfinu eins og skóla og félagsmiðstöðvar á samnýtingu á aðstöðu. Gallarnir eru bæði rekstrarlegs og íþrótt/félagslegs eðlis. Hagkvæmara er að reka aðstöðuna á einum stað varðandi starfsfólk og mannvirki. Fyrir iðkendur mun það auðvelda þeim mikið að stunda fleiri en eina íþróttagrein ef öll starfsemin er á sama stað sem er eitt af aðalmarkmiðum félagsins. Einnig auðveldar það foreldrum að fylgjast með og styðja íþróttaiðkun barna sinna sem t.d. eru að æfa sitt hvora íþróttagreinina."

  
Omar Einarsson.

Norðlingabraut 12  
 Íslenska Þróun  
 Aðalstræti 1  
 101 Reykjavík  
 Sími: 592 2000  
 Netfang: [info@islandia.is](mailto:info@islandia.is)  
 1.03 A





Norðlingabraut 12  
 Þjóðsátt Fykir  
 Adalþingarmúli

Gæðingeyri 2. hæð  
 1000000  
 1000000  
 1000000

1.03 A  
 632.00



